

Starfsreglur markaðsnefndar

Sýnar hf.

1. Tilgangur

Stjórn Sýnar hf. setur sér það markmið að góðir stjórnarhættir félagsins séu viðhafðir í starfsemi félagsins og hefur einkum til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

Í kjölfar samruna Fjarskipta hf. og 365 miðla hf. hefur vægi markaðsmála aukist og mikilvægt að þau fái umfjöllun í smærri hópi heldur en hjá stjórninni allri.

2. Skipun og samsetning nefndarinnar

Markaðsnefndin (nefndin) skal skipuð allt að þremur fulltrúum. Nefndarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn á fyrsta fundi eftir aðalfund. Stjórn skal tilnefna formann nefndarinnar. Starfskjör skulu ákveðin á aðalfundi. Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Skal a.m.k. einn nefndarmaður vera með staðgóða þekkingu og reynslu á sviði markaðsmála.

3. Fundir nefndarinnar

Nefndin skal halda fundi [að lágmarki fjórum sinnum á ári til að sinna hlutverki sínu.] Haldnir skulu aukafundir telji formaður nefndarinnar þörf á því. Stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og einstakir nefndarmenn geta óskað sérstaklega eftir því við formann nefndarinnar að hann haldi aukafundi ef koma upp málefni sem gera það nauðsynlegt. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir hann fundarritara.

Markaðsnefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Sé nefndin skipuð tveimur fulltrúum skal máli vísað til stjórnar ef nefndarmenn eru ekki sammála um afgreiðslu þess.

4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra:

1. Eftirlit með vinnuferli við undirbúning markaðsherferða.
2. Eftirlit með samþættingu, þróun og grunnhlutverki megin vörumerkja félagsins
3. Eftirlit með framtíðarsýn vöruþróunar
4. Stuðningur við stjórnendur Sýnar eftir því sem við á.

Til að nefndin geti sinnt hlutverki sínu getur hún kallað til forstjóra og aðra stjórnendur félagsins, eftir því sem tilefni kann að gefast til í því skyni að fjalla um þau málefni sem hún telur mikilvæg.

Stjórn getur sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni er varðar markaðsmál.

Nefndin skal tryggja að allir nýir nefndarmenn hafi fengið leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar áður en þeir hefja formlega störf hjá nefndinni.

5. Heimildir nefndar og aðgengi að gögnum

Mikilvægt er að nefndin hafi viðtækan aðgang að gögnum frá stjórnendum og geti óskað eftir skýrslum og greinagerðum frá þeim er varðar störf hennar. Allar fyrirspurnir nefndarmanna skulu fara í gegnum formann nefndarinnar og skal svörum við fyrirspurnum kynnt öllum nefndarmönnum samtímis.

6. Takmarkanir á hlutverki og ábyrgð

Nefndin ber ábyrgð samkvæmt reglum þessum en ber ekki ábyrgð á markaðsmálum félagsins almennt.

7. Þagnar– og trúnaðarskylda

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi í markaðsnefnd.

8. Mat á störfum sínum og störfum nefndarmanna

Samþykkt á stjórnarfundum félagsins, dags. 5. júní 2019